

Þingsályktun

**um skýrslu sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda
um formlega samvinnu landanna á sviði sjávarútvegs.**

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um sameiginlega skýrslu sjávarútvegsráðherra landanna þar sem fram komi nákvæmt yfirlit yfir þá formlegu samvinnu sem er á milli Vestur-Norðurlanda bæði hvað varðar rannsóknir á lifandi auðlindum sjávar og fiskveiðistjórnina, ekki síst á sameiginlegum fiskstofnum.

Samþykkt á Alþingi 10. maí 2010.